

Mikil fjölgun lækna með erlent grunnnám sem sækja um lækningaleyfi á Íslandi

Anna Björg Jónsdóttir

öldrunarlæknir

Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

lyf- og hjartalæknir

Inga Sif Ólafsdóttir

lyf- og lungnalæknir

Læknisfræði hefur lengi verið álitin alþjóðleg menntun og lækna oft starfað sem slíkir þvert á heimsálfur og landamæri. Mikilvægt er að hafa skýrar reglur og ferla til að staðfesta kunnáttu og færni lækna þar sem nám og viðmið eru oft ólík milli landa. Í *Læknablaðinu* í júlí 2026¹ fjölluðum við um leiðir til lækningaleyfis á Íslandi fyrir lækna með læknanám frá löndum utan EES/ESB/Sviss og tillögur til úrbóta til samræmis við önnur Norðurlönd. En hvert er umfang þessa læknaþóps?

Fólksflutningar hafa aukist mikið undanfarin ár og þar með fjöldi lækna sem sýna áhuga á að starfa hérlendis, sem endurspeglast í vaxandi fjölda lækna sem sækir um lækningaleyfi á Íslandi. Íslenskt lækningaleyfi felur í sér sjálfkrafa viðurkenningu á starfsleyfi innan þeirra ríkja sem Ísland hefur samið við og gagnkvæma viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að stunda lækningar (frá EES/ESB/Sviss). Því er mikilvægt að leyfisveitingar standist alþjóðlegan sam-anburð þar sem mikil tilfærsla er á læknum bæði frá Íslandi til að starfa erlendis og erlendir lækna leita til Íslands með von um að fá vinnu hérlendis.

Fjöldi umsókna um lækningaleyfi á Íslandi þar sem viðkomandi hefur tekið grunnnámið annarsstaðar en við Háskóla Íslands undanfarin fimm ár er að finna í töflum 1 og 2. Á árunum 2020-2025 sóttu 656 lækna með menntun innan EES/ESB/Sviss um lækningaleyfi á Íslandi og fengu 589 (90%) starfsleyfi á meðan 147 lækna menntaðir utan EES/ESB/Sviss sóttu um lækningaleyfi og fengu 72 (49%) starfsleyfi. Rétt er að benda á að inni í þessum tölum eru líka umsóknir lækna með sérfræðimenntun. Af þeim sem lokið hafa læknanámi innan EES/ESB/Sviss, hafa flestir lokið námi í Slóvakíu (158 einstaklingar), þar næst Danmörku (136 einstaklingar) og Ungverjalandi (83), samtals 377 eða 57%, sjá töflu 1a. Það má leiða líkur að því að flestir þeirra séu með íslenskt ríkisfang en hlutfall þeirra liggur ekki ljóst fyrir. Í flestum löndum innan EES/ESB/Sviss geta lækna sótt um lækningaleyfi beint

að námi loknu og fá slíkt viðurkennt á Íslandi á grundvelli þeirra samninga sem gerðir hafa verið um gagnkvæma viðurkenningu innan EES-samkomulagsins.

Fjöldi umsókna frá löndum utan EES/ESB/Sviss á árunum 2020-2025 var 147 (tafla 2). Þar af hafa 72 (49%) fengið starfsleyfi á tímabilinu. Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki hafa verið veitt starfsleyfi. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis voru 26 (18%) umsóknir ekki tækar til afgreiðslu, 23 (16%) umsóknum var synjað og 6 (4%) umsóknir voru ógildar. Flestir þeirra sem sækja um lækningaleyfi á Íslandi og eru með lækni-menntun utan EES/ESB/Sviss koma frá Pakistan (21 einstaklingur), Úkraínu (20 einstaklingar) og Bandaríkjunum (15 einstaklingar), sjá töflu 2a. Umsækjendur með menntun frá löndum utan EES/ESB/Sviss um lækningaleyfi á Íslandi eru með 74 mismunandi ríkisföng. Flestir sem sækja um lækningaleyfi á Íslandi en hafa numið læknisfræði erlendis eru með íslenskt ríkisfang, 291 einstaklingar (36%), sjá töflu 1b og 2b.

Ef skoðaðar eru sérstaklega þær umsóknir sem hafa borist eftir að reglugerð 483/2023 tók gildi þá hefur 61 umsókn borist til embættis landlæknis. Af þeim hefur 26 (43%) verið ráðlagt að taka CCSE-prófið og 35 (57%) fengu starfsleyfi án þess að þurfa að fara í CCSE-prófið. Þeim umsækjendum sem vísað var í CCSE-prófið er vísað á mismunandi staði í umsóknarferlinu og aðeins einn umsækjandi var kominn með íslenskt lækningaleyfi þegar gögnin bárust til höfunda í mars 2026. Mynd 1 sýnir fjölda þeirra sem hafa tekið CCSE-prófið á árunum 2014-2025. Alls hafa 40 tekið CCSE-prófið á þessu tímabili og þar af hafa 24 (60%) þreytt prófið á árunum 2024-2025. Alls náðu 24 (60%) einstaklingar prófinu, með 5,0 eða hærra í einkunn. Meðaleinkunn allra sem hafa tekið prófið er 5,1 en meðaleinkunn þeirra sem náðu prófinu er 6,1. Meðaleinkunn íslenskra lækna nema sem þreytt hafa CCSE-prófið er á bilinu 7,5-8,2.²

Það var mikil framför árið 2023 þegar

gefin var út reglugerð um meðferð umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 frá umsækjendum frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.³ Þessi reglugerð hefur skerpt á því hvernig erlendir lækna frá ríkjum utan EES/ESB/Sviss geta sótt um almennt lækningaleyfi á Íslandi. En við getum gert betur. Upplýsingagjöf til þessa hóps lækna er ábótavant. Hættan er á að lækna sem hafa lagt á sig að læra tungumálið og ljúka CCSE-prófi lendi í bið eftir aðlögunarstöðum sem ekki eru í boði þar sem fjárveitingu skortir til stofnana til að veita slíkar stöður. Miðað við fjöldann sem hefur lokið CCSE-prófinu á árunum 2024-2025 er ljóst að ekki eru jafnmargar aðlögunarstöður í boði á landsvísi. Mikilvægt er að hafa í huga að lækna í aðlögunarstöðum eru ekki jafngildir læknum með lækningaleyfi. Við teljum mikilvægt að setja staðla og matsaðferðir til að aðlögunarstöður nýtist til að auka öryggi sjúklinga og samstarfsfólks og tryggja að lækna sem ljúka slíku tímabili séu öruggir og fullgildir lækna á Íslandi.

Á síðustu árum hefur umsóknum um lækningaleyfi frá löndum utan EES/ESB/Sviss fjölgað mjög mikið og rétt er að skoða af hverju það er. Gæti það verið vegna þess að það er auðveldara að fá lækningaleyfi á Íslandi því að ferlið er styttra og betur launað en í nágrannalöndunum? Mikilvægt er að hægt sé að tryggja að ekki séu gerðar minni kröfur til lækna sem koma frá ríkjum utan EES/ESB/Sviss og að til séu öruggar og skýrar leiðir til að kanna og bregðast við ef kunnáttu er ábótavant. Reglugerðin 483/2023 er til bóta en er ekki nægilega í takt við nágrannaþjóðir okkar sem við almennt miðum okkur við, eins og rakið hefur verið. Höfundar vilja með þessum tveimur aðsendu greinum¹ hvetja hagaðila til að koma saman til umræðu og umbóta um þessi mál og telja mikilvægt að lækna taki virkan þátt í þeim umbótum sem brýn þörf er á að gera í þessum málaflokki.

Tafla 1. Fjöldi umsókna um lækningaleyfi á árunum 2025-2020, flokkað eftir a) námslandi innan EES/EU/ Sviss þar sem læknanámi lauk, b) ríkisfangi þeirra sem sóttu um frá þessum námslöndum.


a)		b)	
Námsland	Fjöldi umsókna	Ríkisfang	Fjöldi umsókna
Slóvakía	158	Ísland	283
Danmörk	136	Danmörk	74
Ungverjaland	83	Svíþjóð	67
Holland	66	Holland	63
Svíþjóð	59	Noregur	37
Þýskaland	24	Þýskaland	19
Pólland	22	Pólland	15
Noregur	20	Bretland	9
Ítalía	12	Ítalía	8
Rúmenía	8	Írland	7
Spánn	7	Spánn	7
Írland	6	Finnland	6
Litáen	6	Grikkland	5
Frakkland	5	Portúgal	5
Tékkland	5	Austurríki	4
Austurríki	4	Frakkland	4
Bretland	4	Litáen	4
Finnland	4	Rúmenía	4
Grikkland	4	Ungverjaland	4
Lettland	4	Ísrael	3
Sviss	4	Króatía	3
Króatía	3	Slóvakía	3
Kýpur	3	Srí-Lanka	3
Portúgal	3	Sviss	3
Belgía	2	Bandaríkin	2
Búlgaría	2	Indland	2
Eistland	2	Japan	2
Samtals:	656	Tékkland	2
		Belgía	1
		Brasilía	1
		Eistland	1
		Lettland	1
		Malasía	1
		Nýja-Sjáland	1
		Saúdí-Arabía	1
		Seychelleseyjar	1
		Samtals:	656

Tafla 2. Fjöldi umsókna um lækningaleyfi á árunum 2020-2025 flokkað eftir a) námslandi utan EES/EU/Sviss þar sem læknanámi lauk og b) ríkisfangi þeirra sem sóttu um frá þessum námslöndum.

a)		b)	
Námsland	Fjöldi umsókna	Ríkisfang	Fjöldi umsókna
Pakistan	21	Pakistan	24
Úkraína	20	Úkraína	16
Bandaríkin	15	Bandaríkin	11
Ástralía	10	Ástralía	9
Bretland	10	Ísland	8
Kína	6	Indland	7
Nýja-Sjáland	6	Bretland	6
Indland	5	Nýja-Sjáland	6
Kólumbía	4	Palestína	5
Sýrland	4	Svíþjóð	5
Venesúela	4	Ítalía	4
Argentína	3	Venesúela	4
Kanada	3	Frakkland	3
Afganistan	2	Kólumbía	3
Egyptaland	2	Suður-Afríka	3
Kósóvo	2	Írland	2
Makedónía	2	Kína	2
Suður-Afríka	2	Kósóvo	2
Víetnam	2	Makedónía	2
Afríka, ótilgreint	1	Víetnam	2
Albanía	1	Albanía	1
Alsír	1	Argentína	1
Armenía	1	Aserbaísjan	1
Aserbaísjan	1	Filippseyjar	1
Chile	1	Ghana	1
Filippseyjar	1	Grikkland	1
Georgía	1	Holland	1
Ghana	1	Hondúras	1
Grenada	1	Belarús	1
Hondúras	1	Indónesía	1
Belarús	1	Íran	1
Indónesía	1	Japan	1
Írak	1	Kanada	1
Íran	1	Kenía	1
Jamaíka	1	Nígíría	1
Japan	1	Noregur	1
Kirgistan	1	Panama	1
Nígíría	1	Serbía	1
Palestína	1	Spánn	1
Panama	1	Srí-Lanka	1
Rússland	1	Sýrland	1
Serbía	1	Tailand	1
Svíþjóð	1	Trínidad og Tobagó	1
Samtals:	147	Samtals:	147

Heimildir

- Jónsdóttir AB, Hrafnkelsdóttir ÞJ, Ólafsdóttir IS. Leiðir til lækningaleyfis á Íslandi fyrir lækna með menntun frá ríkjum utan EES/ESB/Sviss. Læknablaðið. 2026;112(0708).
- Hrafnkelsdóttir ÞJ. Meðaleinkunn læknanema við læknadeild Háskóla Íslands á CCSE-prófi. In: Jónsdóttir AB, editor. 2026.
- Reglugerð um meðferð umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 frá umsekjendum frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi., 483/2023 (2023). <https://island.is/reglugerdir/nr/0483-2023>



Mynd 1. Fjöldi erlendra lækna sem tóku CCSE-prófið á árunum 2014-2025